

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 23. mars 2026 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Baldur Haraldsson BS, Sigurður Arnar Pálsson AÍFS, Tryggvi Magnús Þórðarson KK og Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Fundargerð ritaði AS

1. Tímatökubúnaður

Samkomulag náðist í síðustu viku milli AIFS, BÍKR, BS og KK um sameiginleg kaup á tímatökubúnaði af Race Control ehf. Vonast er til að búnaðurinn komist í notkun í maí n.k. Keppnisráðið fagnar því að þessum áfanga sé náð.

2. Reglur fyrir jepparally

Farið yfir drög að reglum sem YMP og AS höfðu sent á Reglulráð til yfirferðar. Keppnisráðið samþykkir þau með fáeinum athugasemdum sem AS mun lagfæra áður en skilað verður inn. Regluráð gerði athugasemd við greinarheitið „Jepparally“ þar sem hætta væri á mistúlkun þar sem t.d. „buggy“ bílar eru heimilir í greininni. Ákveðið var að kalla greinina Sveitarally.

3. Leiðbeiningar um lokun sérleiða

Málið rætt. TMP mun deila hugmyndum með ráðinu síðar í kvöld og verður málið tekið fyrir aftur á næsta fundi.

4. Fundir með keppnishöldurum og keppendum

Það er farið að styttest í keppnistímabilið. S.l. haust var talað um að hitta keppnishaldara nú í vor og fara yfir málin. Ákveðið að halda slíkan fund 14. apríl á Zoom, AS mun boða. Hefð er fyrir að halda fund með væntanlegum keppendum og öllum þeim sem vilja fylgjast með til að fara yfir reglubreytingar og annað sem skerpa þarf á. Ákveðið að halda slíkan fund bæði raun og á Zoom þriðjudaginn 14. apríl kl. 19.30. AS mun panta sal í Laugardal og auglýsa annarstaðar.

5. Önnur mál

Sjúkrafulltrúi – Ákveðið að breyta kröfum í keppnisgreinareglum úr „bráðaliða“ í „löggiltan sjúkraflutnigamann“.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20.43